

Stjórn Héraðsskjalasafns Kópavogs

24. fundur 28. október 2004

Fundur var haldinn í stjórn Héraðsskjalasafns Kópavogs fimmtudaginn 28. október 2004 í húsakynnum safnsins að Hamraborg 1, 3. hæð, og hófst kl. 16.00.

Fundinn sátu stjórnarmennirnir Hilmar Björgvinsson formaður, Gylfi Gröndal og Hjörtur Pálsson auk Leós Ingasonar héraðsskjalavarðar. - Formaður setti fund, en síðan var gengið til boðaðrar dagskrár sem send hafði verið út og var sem hér segir:

1. Endurskoðun reglugerðar.
2. Öryggiskerfi.
3. Húsnæðismál.
4. Vefur safnsins.
5. Norræni skjaladagurinn.
7. Sýningar og kynningar.
8. Önnur mál.

1. Endurskoðun reglugerðar.

Rætt var að gefnu tilefni um reglugerð safnsins og hugmyndir um ný verkefni í því sambandi, en frekari umræðum frestað.

2. Öryggiskerfi.

Héraðsskjalavörður gerði stjórninni grein fyrir öryggiskerfi safnsins, fjölda, næmi og fyrirkomulagi hreyfi- og rakaskynjara. Þegar kerfið var sett upp hafði safnið einungis hluta 3. hæðar til umráða, en nú hæðina alla. Það kallar á breytingu til þess að tryggt sé að kerfið dugi og sé jafnframt í samræmi við kröfur Þjóðskjalasafns. Bæta þarf við einum hreyfiskynjara við útidyr í því skyni. Kostnaður við það er áætlaður 40-50 þús. kr. Stjórnin fól héraðsskjalaverði að koma því máli í höfn.

3. Húsnæðismál.

Fram kom að skjalageymsla safnsins er nú orðin full og því stendur ekkert annað húsnæði til boða sem fullnægir kröfum skv. eftirliti Þjóðskjalasafns. Ljóst er af þeim sökum að leysa þarf úr þeim vanda fyrir en seinna og tryggja safninu viðbótar geymslupláss. Stjórnin samþykkti að fela Magnúsi Ólafssyni arkitekt sem er eftirlitsmaður með héraðsskjalasöfnun af hálfu Þjóðskjalasafns að gera tillögu um betri nýtingu salarins en tíðkast hefur undanfarið.

4. Vefur safnsins.

Héraðsskjalavörður skýrði frá því að safnið væri komið með undirvef (borða) undir vef Kópavogsbæjar (sbr. 23. fg., 5.1.) í vefumsjónarkefrfinu Vefþóri. Undirbúningurinn hefur kostað mikla vinnu, en héraðsskjalavörður hefur aðgang að kerfinu og getur sett þar inn texta og myndir eftir þörfum og skipulagt þennan vef safnsins og stjórnað honum að vild. Stjórnin fagnaði þessum áfanga í upplýsinga- og kynningarstarfi þess.

5. Norræni skjaladagurinn.

Norræni skjaladagurinn verður haldinn 13. nóvember (sbr. 23. fg., 7.1.). Þema dagsins verður "1974 - ár í skjölum". Héraðsskjalasafn Kópavogs á aðild að vefnum *skjaladagur.is* sem Þjóðskjalasafn hefur sett upp af þessu tilefni og má smella þar á myndir og texta. Þá verður bæði lítil sýning á Café Borg eins og í fyrra og sýning í sal safnsins á 3. hæð í Hamraborg 1.

6. Sýningar og kynningar.

Þau mál voru rædd og hafði formaður orð á því að iðulega væri safnsins ekki við getið þegar upp væru talin önnur söfn og menningarstofnanir bæjarins í auglýsingum hans og tilkynningum og um þær fjallað í fjölmiðlum. Á þessu þyrfti að ráða bót, enda safnið ekki gamalt og þarfnaðist þess því ekki síður að á það væri minnt. Stjórnin skoðaði af þessu tilefni kynningarblöðunga og smábæklinga sem önnur héraðsskjalasöfn hafa gefið út í fræðslu- og auglýsingaskyni um sig og starfsemi sína. Samþykkt var hugmynd héraðsskjalavarðar um að láta prenta svipað kynningarefni um Héraðsskjalasafn Kópavogs.

7. Önnur mál.

Héraðsskjalavörður greindi stjórninni frá skjalasafnaþinginu "International Congress on Archives" sem hann sótti og haldið var í Vínarborg 23.-29. ágúst. Þingið var fróðlegt og vekjandi að álitum héraðsskjalavarðar og gagnlegt að sækja það og huga að nýjungum um leið.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið kl. 18.30.

Hilmar Björgvinsson
formaður

Hjörtur Pálsson
ritari

Gylfi Gröndal
meðstjórnandi

Leó Ingason
héraðsskjalavörður